

Stjórnarfundur Leiðsagnar

7. febrúar 2022 kl. 15:00

Boðaður fundur stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Sigrún Pálsdóttir (SP) meðstjórnandi.

Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri og Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) varamaður tóku þátt í gegnum fjarfundakerfið Zoom.

Hjörtur Howser varamaður svaraði ekki fundarboði.

1.	Fundur settur	Formaður setur fundinn og býður fundarfólk velkomið.		
2.	Fundargerðir	Fundargerð frá vinnudegi 17. janúar samþykkt eftir smá umræðu um orðalag í 3. lið. Fundargerðir frá 20.9. og 18.10 samþykktar. Fram lögð fundargerð frá 22. 11. sem átti eftir að samþykkja þar sem hún hafði ekki borist stjórn fullfrágengin og er hún einnig samþykkt með smá leiðréttingum.	Á Á Á	
3.	Listi yfir leiðsögumenn á heimasíðuna	SP vinnur að því að listi yfir leiðsögumenn verði settur á heimasíðuna og leggur fram tillögur að flettingum og flokkun eftir efnisatriðum. Umræða um hvaða leitarmöguleikar eigi að koma upp fyrst, tungumálið eða fagmenntunin, og svo hvað komi þar á eftir. SP telur að mest gagn sé að því fyrir ferðaskrifstofur að geta valið strax milli faglærðra og ófaglærðra leiðsögumanna, t.d. Leiðsögumenn deild A (faglærðir) og Leiðsögumenn deild B (ófaglærðir). Samhliða því sé hægt að velja fleiri en 1 tungumál og sérhæfingu, s.s. almenn leiðsögn, ökuleiðsögn, jöklaleiðsögn, gönguleiðsögn o.s.frv. sbr. tillögu sem SP sendi upphaflega á Aron hjá Filmís. Niðurstaða fundarins er að rétt sé að hafa tungumálið fyrsta leitarmöguleikann af því að það er það sem ferðaskrifstofurnar séu að leita að, leiðsögumanni á ákveðnu tungumáli, en svo komi skýrt fram hvort viðkomandi sé með fagmenntun eða ekki. Allar ítarupplýsingar verður svo hver og einn leiðsögumaður að setja inn sjálfur, nám og skóla, sérfræði, ákv. tegund leiðssagnar, áhugasvið o.s.frv. Unnið áfram út frá þessu.	U Á	Sigrún
4.	Löggildingarnefnd	Eiríkur Þór Einarsson mætir á fundinn, en hann starfaði ásamt fleirum í löggildingarnefnd á árum áður. Segir hann frá starfi nefndarinnar sem var mjög öflugt, einkum árið 2011. Afhendir hann einnig bréf og vinnugögn nefndarinnar svo stjórn geti kynnt sér þau og byggt á ef vill í næsta áfanga til að ná þessu mikilvæga markmiði. Tók löggildingarnefndin í starfi sínu mið af FEG (European Federation of Tourist Guide Associations). Björn Friðfinnson fyrrv. ferðamálastjóri	U	

		<p>aðstoðaði nefndina í störfum sínum og var málið lagt fram í samgönguráðuneytinu 2011, og var mikill vilji hjá þáverandi samgönguráðherra að veita starfsheitinu „leiðsögumaður ferðamanna“ löggildingu. Ath. ber þó að leiðsögumenn á sjó (lóðsar) eiga löggildinguna á leiðsögumannsheitinu eingöngu. Til eru ýmsir aðrir hópar leiðsögumanna, t.d. leiðsögumenn hreindýra-veiðimanna, jöklaleiðsögumenn, fjallaleiðsögumenn o.s.frv og það sem okkur myndi standa til boða til aðgreiningar er lögverndun starfsheitisins „leiðsögumaður ferðamanna“. Málið strandaði þó á endanum í ráðuneytinu vegna andstöðu þáverandi forráðafólks hjá SAF sem vildu geta ráðið ófagmenntaða leiðsögumenn með sérþekkingu, og byggði neitunin trúlega á misskilningi. Líkur taldar á að það viðhorf hafi breyst núna, því það er sameiginlegt verkefni aðila í ferðaþjónustu að fyrirbyggja erlend undirboð, bæði í leiðsögn og flutningi á ferðamönnum, og gæti lögverndin komið sterk inn í þá umræðu.</p> <p>Vinna þarf að framgangi þessa máls í samtali við aðila í ferðaþjónustu og þjóðgörðum og vinna þá á okkar band. Áætlað er að halda fund með SAF, Vinnustaðaeftirlitinu, lögreglu og skattinum á næstunni og hægt að taka málið upp þar, en allir þessir aðilar þurfa að vera samstíga og Leiðsögn verður að hafa frumkvæði að samtali og beita þrýstingi.</p> <p>Þegar Ásmundur Friðriksson alþingismaður lagði fram frumvarp sitt um löggildingu 2015 hafði hann samband við nokkra einstaklinga í LS og kom einnig á fund stjórnar LS árið 2016. [Frumvarpið var lagt fram tvisvar, á 144. löggjafarþingi 2014-2015 og 145. löggjafarþingi 2015-2016] Var þetta gott samstarf í fyrstu milli þingmannsins og LS en varð því miður ekki framhald á því. Þarf nauðsynlega að taka þetta mál upp aftur og fá einhverja áhugasama alþingismenn til að leggja fram nýtt frumvarp.</p> <p>Fyrsti áfangi yrði að fá lögverndun starfsheitis.</p> <p>(Kl. 15:50 vikur Eiríkur af fundi og þakka fundarmenn honum fróðlegar og upplýsandi umræður.)</p>	U	
			U	
			U	Stjórn
5.	Ráðningasamningur við starfsmann	<p>VÁ hefur kynnst sér nýuppfærð gögn hjá VR um laun þjónustufulltrúa og kynnir stjórn meðalgildið, en það er það sem RÁ fer fram á í aðsendum punktum. Er það umtalsverð hækkun frá því sem nú er, en stjórn þó sammála um að launa beri starfsmanni í samræmi við það sem annars staðar tíðkast.</p> <p>Einnig fer RÁ fram á fastan ökustyrk og skapast nokkur umræða um nauðsyn þess og óskað eftir bakgrunnsupplýsingum um hvaða snúninga sé að ræða.</p> <p>Segir RÁ starfið á skrifstofunni viðamikið og verkefnið það mörg að hún fari iðulega yfir þau 75% sem nú er</p>	U	
			U	

		<p>miðað við, og mætti að hennar mati hækka starfshlutfallið strax í 80% og e.t.v. síðar í 100%. HB telur rétt að taka hækkað starfshlutfall í skrefum en ekki stökkum og áður en núverandi samkomulag rennur út þann 1. apríl er hægt að hækka starfshlutfallið ef vilji er til þess.</p> <p>Líka rétt um annan starfstítil, t.d. skrifstofustýra.</p> <p>RÁ hefur áhuga á að taka námskeið sem bæta myndu kunnáttu hennar og færni, t.d. um kjarareikninga, og er talið mjög æskilegt að slík þekking sé til staðar og varðveitt á skrifstofu LS frekar en hjá sjálfboðaliðum í félagsstarfi sem sjaldnast stoppa lengur við en 2 ár.</p> <p>SP spyr um endanlega starfslýsingu og verkefnalista og segist VÁ vera að vinna í því. GME gagnrýnir að RÁ hafi farið í 75% starfshlutfall áður en gerður var skriflegur ráðningasamningur við hana, og enn sé ekki búið að ganga frá honum. Einnig þykir henni viðvera starfsmanns á skrifstofu vera of lítil og álitur að nýr ráðningasamningur verði að gera ráð fyrir meiri viðveru og lengri skrifstofutíma. Einnig þurfi að bæta aðgengi.</p>	U	
			U	
			U	Valva
6.	Dagsetning afmælishátíðar	<p>SSS hefur leitt starfið í undirbúningi afmælisárs en verður vegna anna að segja sig frá því. Leitar hann til annarra félagsmanna sem gætu reynst áhugasamir um að taka við keflinu. Mun hann, formaður og stjórn þó vera innan handar með allan undirbúning.</p> <p>Senn líður að alþjóðdegi leiðsögumanna þann 21.2. og ætlar FR að skrifa blaðgrein til að minnst þess.</p> <p>Stefnt hafði verið að því að afmælisblað kæmi út fyrir páska í samstarfi við Fréttablaðið, en niðurstaðan er að það sé ekki heppilegur tími og betra sé að stefna að útgáfu og afmælishátíð samtímis að hausti.</p>	U	Snorri
			Á	Friðrik
			Á	Stjórn
7.	Dagsetning aðalfundar	<p>Samþykkt að stefna að aðalfundi þriðjudaginn 26. apríl og geta allir stjórnarmenn verið til staðar þann dag.</p> <p>Ársreikningar þurfa að vera tilbúnir rúmum mánuði fyrir aðalfund, fyrir stjórn til að fara yfir og skoðunarmenn reikninga, ásamt kynningu á heimasíðunni. Stefna að miðjum mars.</p> <p>Halda þarf félagsfund vegna lagabreytinga ca 4 vikum fyrir aðalfund, eða í lok mars.</p>	Á	Stjórn
			U	Valva
			U	Stjórn Lagabr. nefnd
8.	Fjármálin	<p>Þurfum nauðsynlega að fá bókara á fund stjórnar sem fyrst til að skýra út bráðabirgðayfirlit og stöðu sjóðanna.</p> <p>Einnig þarf að fá stjórn sjúkrasjóðs á fund sem fyrst til að ræða fjármál sjóðsins, reglugerðarbreytingar o.fl. GME leggur til og vill að sé bókað að hún óski eftir að gerð verði sérstök óháð úttekt á sjúkrasjóðnum. FR segist hafa fengið þær upplýsingar frá stjórn sjóðsins að lengi hafi staðið til að gera áreiðanleikakönnun, en GME telur það ekki nóg.</p> <p>(kl. 17:00 fer SSS, þarf að mæta á annan fund/námskeið)</p>	U	Friðrik Valva
			U	Friðrik Valva

		Samþykkt að HB gangi frá yfirlýsingu til bókara vegna millifærslna umsýslugjalds milli sjóða félagsins, og bókarari hefur óskað eftir, en FR og VÁ undirrita.	Á	Harpa
9.	Önnur mál	<p>a) SP tilkynnir að hún muni ekki gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu í vor, hún sé önnur kafin við leiðsögn og lítil tími til félagsstarfa.</p> <p>b) FR segir frá fyrirhuguðu málþingi á vegum SAF um sjóræningjastarfsemi, verður það haldið þann 3. mars kl. 9:30.</p> <p>c) Lilja Dögg Albertsdóttir ráðherra hefur boðað formann á sinn fund til að ræða samþættingu menningar og ferðamennsku, en hún hreifst af grein sem FR skrifaði í Fréttablaðið 19. 1. um áhrif og hvatningu menningar á ferðahegðun. Munu FR og HB mæta á fundinn þann 10. 2.</p> <p>Umræða um hugmyndir sem mætti leggja fram við ráðherra, t.d. samvinnu við t.d. sveitarfélög og Vegagerðina til að beina sjónum að menningarminjum og áhugaverðum stöðum, útgáfu bæklinga, skilti við þjóðveginn o.fl. slíkt. Reykjavíkurborg hefur gert mikið átak í kynningu í borginni, samstarf safna, menningar-kortið o.fl. Einnig rætt um þátt Íslandsstofu í kynningu á íslenskri menningu. Mætti gera mikið átak í þessum málum.</p> <p>d) GME spyr um faghandbókina og næstu skref í því máli. FR segir ekkert bóla á skilum og vill boða sérstakan fund stjórnar Endurmenntunarsjóðs og athuga hvaða kostir eru í stöðunni og fá fyrri stjórn sjóðsins á þann fund líka.</p> <p>e) Gjaldkeri þarf að fá svokallað „slott“ eða tímabil hjá endurskoðanda til að tryggja að ársreikningar verði tilbúnir á réttum tíma. Ætlar hún að samræma aðgerðir með bókara.</p>	U U U U U	Harpa Friðrik Friðrik Valva
	Fundi slitið 17:30			

Fundargerð staðfest:

Friðrik Rafnsson, formaður

Harpa Björnsdóttir, ritari